



HRUNAMANNAHREPPUR

19. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

6. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 16. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Arna Þöll Sigmundsdóttir í fjarveru Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega Örnu Þöll Sigmundsdóttur sem situr nú sinn fyrsta fund. Óskaði hann eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 256. fundar skipulagsnefndar frá 8. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars sl.

Lögð fram fundargerð 256. fundar skipulagsnefndar frá 8. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 15. Auðsholt 5: Spennistöðvarlóð; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Auðsholt 5 L166721. Í breytingunni felst skilgreining 49 fm lóðar ásamt byggingarreit undir spennistöð fyrir RARIK.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 16. Hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum: Neðri-Hveradalir reitur 10; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Kerlingarfjöll, svæði Fannborgar, staðfest í janúar 2014. Breytingin tekur til hluta þess skipulags og nær yfir núverandi bílastæði og salerni við Neðri-Hveradali merkt sem reitur 10, sem verður felldur úr gildi. Unnið hefur verið nýtt deiliskipulag fyrir þann hluta svæðisins sem samþykkt var til auglýsingar í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 2.3.2023.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu og mælist nefndin til þess að skipulagsbreytingin taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda samhliða nýju deiliskipulagi vegna reits 10 og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu og mælist nefndin til þess að skipulagsbreytingin taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda samhliða nýju deiliskipulagi vegna reits 10 og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Mál nr. 25. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars sl.

2. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs.: Fundargerð stjórnar frá 1. mars sl. ásamt erindisbréfi fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. og drögum að þjónustusamningi milli Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. og Hrunamannahrepps.**

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. ásamt erindisbréfi fagnefndar og drögum að þjónustusamningi við Hrunamannahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir þjónustusamning Hrunamannahrepps við Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs vegna skrifstofuþjónustu og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs.: Fundargerð stjórnar frá 7. mars sl.**

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Seyrustjórn: Fundargerð 8. fundar frá 7. mars sl. ásamt ársskýrslu Seyruverkefnisins 2022 og minnisblaði frá LEX lögmennsstofu.**

Lögð fram fundargerð 8. fundar Seyrustjórnar ásamt ársskýrslu Seyruverkefnisins og minnisblaði frá LEX lögmennsstofu varðandi möguleg rekstrarform verkefnisins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Atvinnumálastefna uppsveitanna: Fundargerð 4. fundar frá 28. febrúar sl. ásamt Atvinnumálastefnu - drög í vinnslu.**

Lögð fram fundargerð 4. fundar Atvinnumálastefnu uppsveitanna ásamt drögum að Atvinnumálastefnu uppsveita Árneshvíls 2023-2027.

Sveitarstjórn fagnar þeirri góðu vinnu sem farið hefur fram á þessum vettvangi og telur að margar af þeim hugmyndum sem þarna eru settar fram séu ákjósanlegar til frekari skoðunar og framkvæmda. Hrunamannahreppur nýtur þeirrar sérstöðu að hér er í dag mikil ónýtt orka í formi jarðhita sem þegar hefur verið virkjaður bæði hjá Hitaveitu Flúða en einnig hjá fjölmörgum öðrum aðilum í sveitarfélaginu. Virkjuð ónýtt orka í sveitarfélaginu gæti nýst til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar nú þegar. Er mikilvægt að þessari staðreynd sé haldið til haga og komið á framfæri við þá sem hyggja á uppbyggingu atvinnustarfsemi sem nýtt gæti þessa miklu orku.

Sveitarstjórn hefur einnig yfirfarið fyrstu drög að atvinnumálastefnu Uppsveitanna sem fylgdi fundargerðinni og telur að í stefnunni sé verið að leggja góðar línur til framtíðar auk þess sem þar koma fram ýmsar athyglisverðar tölfræðilegar upplýsingar um sveitarfélögin. Varðandi leiðarljós og markmið sem lögð eru fram í framtíðarsýninni telur sveitarstjórn að þau falli vel að veruleika Uppsveitanna og þeirri framtíð sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps sér fyrir sér en vel mætti gera þau mælanlegri og skýrari svo eftirfylgni með þeim væri einfaldari.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 225. fundar frá 3. mars sl.

Lögð fram fundargerð 225. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. KPMG niðurstaða greiningar - veitur og áhaldahús drög.

Lögð fram drög að skýrslu vegna úttektar KPMG á Eignasjóði sveitarfélagsins, veitum (vatnsveitu, fráveitu/rotþróm, hitaveitu) og þjónustumiðstöð. Markmið úttektarinnar er að skýra verklag og auka yfirsýn og umfang verkefna og meta hvar möguleg tækifæri til hagræðingar og skilvirkni liggja, þannig að sveitarfélagið sé vel í stakk búið til að veita framúrskarandi þjónustu og takast á við framtíðar áskoranir. Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir kynntu niðurstöður greiningarinnar.

Sveitarstjórn telur að margar af þeim tillögum sem fram koma í úttektinni séu til bóta fyrir starfsemi Hrunamannahrepps og myndu auk þess bæta starfsskilyrði starfsmanna til muna. Það er ljóst að tillögurnar eru margar og yfirgripsmiklar og því felur sveitarstjórn sveitarstjóra að greina tillögurnar í samráði við sveitarstjórnarfulltrúa og að leggja fram aðgerðaáætlun til samþykktar í sveitarstjórn.

8. Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 9. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál.

Sveitarstjórn hvetur Alþingismenn til að samþykkja umrætt frumvarp og fella þar með úr gildi hin löngu úreldu lög um orlof húsmæðra. Það er með öllu óskiljanlegt að frumvarp þetta, sem lagt hefur verið fram á Alþingi alls fimm sinnum nú þegar, hafi ekki fyrir löngu orðið að lögum.

Það er furðuleg tímaskekkja að upplifa þá mismunun sem þessi löggjöf felur í sér. Það er í besta falli grátbroslegt að enn skuli vera til ferðasjóður fyrir húsmæður sem skattgreiðendum ber skylda til að greiða í. Það þarf varla að minna á jafnræðisreglu stjórnslulaga sem án vafa er þverbrotin með þessari skyldu sveitarfélaga til að greiða niður ferðalög ákveðins þjóðfélagshóps.

Einnig er það með öllu óskiljanlegt að engin skoðun skuli fara fram á fjárhagslegri stöðu þiggjenda ferðapeninganna en slíkt er í undarlegri mótsögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar. Að sveitarfélög séu skylduð til að greiða fyrir skemmtiferðir, mögulega mjög velstæðra kvenna, með fjármunum almennings er með öllu ólíðandi.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að samþykkja frumvarpið og leggja þar með af þetta löngu úrelta fyrirkomulag.

9. Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 9. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði forsætisráðherra sem hér leggur fram tillögu til þingsályktunar þar sem gerð er kraftmikil tilraun til að stemma stigu við hatursorðræðu í samfélaginu.

Sveitarstjórn fagnar einnig þeirri áherslu sem lögð er á sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn í tillögunni en ljóst hefur verið í nokkurn tíma að með tilkomu samfélagsmiðla hefur orðræða versnað mjög.

Hefur sveitarstjórnarstigið allt liðið fyrir þetta enda fjölmargir hæfir og góðir einstaklingar dregið sig út úr opinberum störfum vegna þeirrar ómálefnalegu og oft á tíðum hreinlega hatursfullu umræðu sem sveitarstjórnarmenn hafa þurft að sitja undir. Slíkt hefur bein áhrif á lýðræði og hefur án vafa átt ríkan þátt í því að sveitarstjórnarmenn staldra jafn stutt við í sveitarstjórnnum og raun hefur verið á.

10. Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 9. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Lagt fram til kynningar.

11. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 1. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir (samfélagsvegir), 485. mál.

Lagt fram til kynningar.

12. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 28. febrúar 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuástands í íslenska löggjöf, 25. mál.

Lagt fram til kynningar.

13. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 8. mars 2023.

Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnuálastofnunar og Fjölmenningsseturs, þjónustustöðvar), 782. mál.

Lagt fram til kynningar.

14. Endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - birt í samráðsgátt

Lögð fram til umsagnar drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda umsögn um frumvarpið byggða á þeim umræðum sem fram fóru á fundinum. En verði ákvæði frumvarpsins að veruleika munu tekjur Hrunamannahrepps lækka um 42 m.kr.. Er full ástæða til að kanna frekar hvernig stendur á því og vekja athygli á stöðu sveitarfélagsins miðað við þessar breytingar.

15. Bréf frá Gallup vegna sveitarfélags ársins 2023 ódagsett.

Lagt fram bréf frá Gallup þar sem sveitarfélögum er boðið að taka þátt í könnuninni Sveitarfélag ársins 2023. Tilgangurinn með könnuninni er að hvetja stjórnendur sveitarfélaganna til að veita starfsumhverfinu aukna athygli. Kostnaður við þátttökuna myndi nema kr. 250.0000,-.

Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að taka þátt í könnuninni.

16. Bréf frá Lánasjóð sveitarfélaga ódagsett.

Lagt fram bréf frá Lánasjóð sveitarfélaga þar sem boðað er til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður 31. mars n.k.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjóri er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

17. Bréf frá Norræna félaginu ódagsett.

Lagt fram bréf frá Norræna félaginu þar sem kynntur er „Dagur Norðurlandanna“ sem haldinn er hátíðlegur þann 23. mars nk. vítt og breytt um öll Norðurlöndin.

Lagt fram til kynningar.

18. Síðari umræða um nýjan félagssamning vegna Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar bs.

Lagður fram félagssamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar bs. til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi félagssamning Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar bs.

19. Síðari umræða um nýjar samþykktir fyrir Bergisann bs.

Lagðar fram samþykktir fyrir Bergisann bs. til síðari umræðu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir fyrirliggjandi samþykktir Bergisannar bs.

20. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.

Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að Varmalæk 2.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið sé frá forkaupsrétti að Varmalæk 2, fastanúmer 226-3776.

21. Bréf frá stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum frá 6. mars 2023.

Lagt fram bréf frá stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum þar sem boðað er til aðalfundar þann 3. apríl n.k. kl.20:00.

Sveitarstjórn samþykkir að Arna Þöll Sigmundsdóttir verði varamaður í stjórn Reiðhallarinnar en aðalmaður kemur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjóri og/eða oddviti og/eða oddviti minnihlutans verða fulltrúi Hrunamannahrepps á aðalfundinum.

22. Skipan ruslamálaráðherra.

Lagt var til að Bjarni Hjörleifsson verði skipaður ruslamálaráðherra 2023 og var það samþykkt.

23. Skipan 17. júní nefndar.

Lagt var til að Margrét Sævarsdóttir verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.

Verkfundargerðir:

a. Byggð á bríkum: Verkfundargerð 2. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

b. Byggð á bríkum: Verkfundargerð 3. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

c. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 919. fundar stjórnar frá 28.02 sl.

Lagt fram til kynningar.

d. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 57. fundar stjórnar frá 22. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

e. Yfirlýsing vegna áforma sveitarfélaga á Suðurlandi um svæðisskipulag fyrir suðurhluta miðhálandis Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00.